

Gott kvöld, góðir Íslendingar. Gleðilega hátíð!

Í kvöld rennur árið 2008 skeið sitt á enda. Við kveðjum það með blendnum huga. Í efnahagslegum skilningi má tala um hörmungarár. Fjármálakerfi þjóðarinnar varð fyrir miklu áfalli og kjör almennings hafa versnað frá því sem áður var. Þeir atburðir sem hér urðu í fjármálaheiminum á síðasta ársfjórðungi gnæfa yfir annað sem gerðist á árinu. Eigi að síður var fyrri hluti ársins á margan hátt góður og gjöfull, sumarið yndislegt og við eigum flest einhver gull í minningakistunni frá þeim tíma og reyndar einnig silfur í handbolta frá ólympíuleikunum í Kína. Látum ekki yfirstandandi erfiðleika, sem eru tímabundnir, yfirskyggja alla okkar tilveru; leyfum okkur að gleðjast í kvöld og horfum vongóð til framtíðar.

Það er ljóst að árið nýja sem bíður okkar verður erfitt mörgum einstaklingum og fjölskyldum ekki síður en atvinnulífi og ríkissjóði, en mestu skiptir hvernig við tökum á vandanum. Við skulum ekki láta bugast, heldur ganga til móts við nýtt ár sem nýja áskorun um að koma hlutum í betra horf því *Íslensk er vonin af bjartsýni full*, eins og segir í kvæði Margrétar Jónsdóttur *Ísland er land þitt*. Sú bjartsýni og sú von er á

traustum grunni reist að mati þeirra sem best þekkja til, bæði hér heima og erlendis. Þegar við berum okkur saman við aðrar þjóðir og öllu er til skila haldið er það hvorki glýja né falsvon, heldur fullkomin vissa að það birti til í efnahags- og atvinnulífi Íslendinga áður en langt um líður.

Auðlindir okkar eru miklar eins og alþekkt er, í landinu sjálfu og umhverfis það. Mikilvægust er sú mikla auðlind sem er arfborin Íslendingum, baráttuandinn, það að sigrast á þeim erfiðleikum sem við er að fást.

Á fyrri hluta ársins, sem nú er kvatt, hlóðust upp óveðursský yfir efnahagslífi heimsins og skall það óveður á Íslandi á haustmánuðum eftir að hafa fellt mörg stór fyrirtæki, banka og fjármálastofnanir austan hafs og vestan. Því miður reyndust innviðir fjármálalífs hér á landi ekki nógu sterkir til að standast þetta áhlaup. Ég gerði grein fyrir þessu í ávarpi mínu til þjóðarinnar þann 6. október sl. Síðan þá höfum við Íslendingar allir sem einn unnið hörðum höndum að því að ná tökum á ástandinu. Ég flyt þakkir þeim fjölmörgu sem lögðu nótt við dag í stofnunum ríkisins, fyrirtækjum, félagasamtökum, skólum og á heimilum til að þjóðfélagið okkar gæti starfað eðlilega við þær óeðlilegu

aðstæður sem hér sköpuðust. Íslenska þjóðin sýndi þá enn og aftur hvað í henni býr.

Frá því að áfallið reið yfir okkur Íslendinga hefur ástandið versnað víða um heim og því miður er raunveruleg hættu á því að heimsbyggðin eigi eftir að sogast enn neðar í svelg efnahagskreppu af óþekktri stærð. Við þessar aðstæður er það nokkur bót fyrir okkur Íslendinga að hafa þegar í haust gripið til aðgerða og ráðist að okkar vanda í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og nokkrar vinaþjóðir. Hitt er ljóst að forystumenn stærstu ríkja heims og ríkjabandalaga verða að setjast niður og smíða þau ráð sem duga til að forða heimsbyggðinni frá slíkum áföllum af mannavöldum. Við höfum trú að því að síaukin þekking manna á gangverki efnahagslífsins dygði til að forða heimsbyggðinni frá áföllum sem þessum. En vandinn virðist einnig sá að tækni þeirra sem hafa hag af því að koma hlutum í uppnám, spila á kerfið og veðja gegn hagsmunum almennings, hefur líka fleygt fram. Þess vegna er mjög brýnt að herða reglur um hegðan á fjármálamarkaði og taka fast á öllum brotum.

Við Íslendingar verðum að draga réttan lærdóm af því sem gerst hefur, varðveita það sem gafst vel og breyta því sem miður fór. Mér er

þrennt efst í huga: Í fyrsta lagi verðum við að sníða okkur stakk eftir vexti. Við verðum að sjá til þess að í engan þátt efnahagslífsins hlaupi ójafnvægi eða óviðráðanlegur ofvöxtur eins og gerðist í bankakerfinu. Í öðru lagi verður efnahagur okkar að byggjast á raunverulegri verðmætasköpun. Ég á þar ekki aðeins við fiskveiðar, álframleiðslu og hefðbundinn landbúnað heldur líka margs konar aðra framleiðslu og þjónustu sem við stundum og getum stundað, eins og ferðamennsku, og þekkingariðnað af margvíslegu tagi sem byggist á skynsamlegri nýtingu auðlinda þjóðarinnar, menntun og mannauði. Í þriðja lagi þurfum við að temja okkur nýtt hugarfar í atvinnulífinu. Ævintýramennska og óhóf eiga að heyra sögunni til. Forystumenn í atvinnulífi verða að finna meira til ábyrgðar sinnar í samfélaginu. Frelsi fylgir ábyrgð. Margar aðgerðir bankanna og forystumanna þeirra báru ekki vitni þeirri ábyrgð sem með réttu mátti af þeim krefjast. Hégómleg meðferð fjármuna þeirra sem fremstir fóru, bæði í bönkum og atvinnulífi, er móðgun við þann fjölda manna sem lagt hefur sitt af mörkum til að skapa þann auð sem þannig var sóað og spillt.

Íslenska þjóðin, fjölskyldurnar í landinu og ófæddar kynslóðir Íslendinga, eiga skilyrðislausan rétt á því að allur aðdragandi

bankahrunsins verði rannsakaður til hlítar. Samstaða og sátt í íslensku samfélagi byggist á trausti og þeirri viðamiklu rannsókn, sem nú er hafin á vegum Alþingis, er ætlað að skapa forsendur fyrir því að traust skapist á nýjan leik í þjóðfélaginu.

Ég vil á þessari stundu segja beint og milliliðalaust við ykkur, kæru landsmenn, að ég ber sem forsætisráðherra ábyrgð á stjórn landsins og þá ábyrgð axla ég, hvort sem siglt er um lygnan sjó eða þungan. Sá dagur líður ei hjá að ég spyrji mig ekki hvort stjórnvöld hefðu getað komið í veg fyrir þá atburði sem urðu hér á landi í haust. Okkur hafa vissulega orðið á mistök í þeim hamförum sem riðið hafa yfir en það er engu að síður ljóst í mínum huga, að það var ekki á færi íslenskra stjórnvalda að afstýra hruni íslensku bankanna eftir að heimskreppan skall á af fullum þunga. Allar aðgerðir stjórnvalda að undanfögnu hafa miðað að því að takmarka það tjón sem íslenska þjóðin mun óhjákvæmilega verða fyrir vegna bankahrunsins. Sú barátta hefur staðið dag og nótt og henni er hvergi nærri lokið.

Í Íslendingum býr kraftur, þor, áræði og hugmyndaauðgi, en ljóst er af undangengnum atburðum að slíkir kostir geta snúist upp í

andhverfu sína ef ekki fylgir auðmýkt. Á miklum uppgangstímum geta örar framfarir og breytingar byrgt mönnum sýn. Hafi mér orðið á hvað þetta varðar þá þykir mér það leitt.

Góðir Íslendingar.

Við stöndum að sumu leyti á krossgötum í þjóðmálum. Það þjóðfélag sem við höfum byggt upp á undanförnum árum, að mestu eftir fyrirmynd nágranna okkar á Norðurlöndum, í Evrópu og Norður-Ameríku, hefur fært okkur mikinn vöxt og bætt kjör okkar til mikilla muna. Það hefur verið góð samstaða í þjóðfélaginu um að við værum á réttri braut. En við þau áföll, sem orðið hafa nú í haust, hljótum við að staldra við, spyrja áleitinna spurninga og meta kosti okkar að nýju. Við getum annars vegar haldið áfram að feta braut viðskiptafrelsis og náinnar alþjóðlegrar efnahagssamvinnu eins og gert hefur verið eða dregið okkur til hlés, einangrað okkur að þessu leyti og horfið til fyrri viðskiptahátta. Við höfum reynslu af hvoru tveggja. Einangrun og einhæfni í atvinnulífi leiðir til varanlegrar stöðnunar, vonleysis og um síðir til uppgjafar. Þá leið skulum við ekki fara. Við skulum heldur halda áfram að fylgja nágrönnum okkar, eiga samleið með þeim og byggja hér

samfélag sem veitir öllum tækifæri til að reyna sig og finna kröftum sínum viðnám. Og nú þekkjum við þau sker sem við þurfum að forðast. Það er ekki þar með sagt að sú leið verði áfallalaus; þannig er lífið ekki. Við þurfum að læra af okkar erfiðu reynslu nú og hagnýta okkur hana í stað þess að láta hana hneppa okkur í fjötra ótta og vonleysis. Við þurfum að hafa það skipulag í fjármálalífi landsins sem er venjulegu fólki skiljanlegt en forðast þá flækju í viðskiptum og þá feluleiki sem vekja vantrú og tortryggni venjulegs fólks. Með gagnsæi í viðskiptalífinu má þannig draga betur fram hin gömlu og góðu gildi sem okkur voru kennd í æsku og við höfum alist upp við: dugnað, heiðarleika, fyrirhyggju og útsjónarsemi samhliða auðmýkt og þakklæti fyrir það sem okkur hefur verið gefið.

Góðir landsmenn.

Tengsl okkar Íslendinga við aðrar þjóðir hafa verið mjög til umræðu undanfarin ár. Það er ekki nýtt. Einhvern veginn er það svo að Íslendingar eru tortryggjari gagnvart erlendu valdi en gildir um margar aðrar þjóðar. Ástæðunnar er auðvitað að leita í sögu okkar og hvernig við höfum túlkað hana. En það er mikilvægt fyrir okkur að eiga í senn

góða bandamenn og að tillit sé tekið til okkar þegar ákvarðanir eru teknar í þessum hluta heimsins.

Nú er fjallað um það hvort Íslendingar eigi að stíga skrefið til fulls og gerast aðildarríki Evrópusambandsins. Þegar við tókumst síðast á um slík mál, um og upp úr 1990, var margt öðruvísi umhorfs í heiminum. Niðurstaðan varð sú að stíga það skref að gerast aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Ég tel að það hafi gefist vel. En ástæðan fyrir því að ekki var lengra farið á sínum tíma var fyrst og fremst sú að við Íslendingar vildum standa tryggan vörð um auðlindir okkar, hafa fullt forræði yfir þeim sjálfir.

Vissulega er tímabært að taka þetta mál til yfirvegunar að nýju. Mat á því hvernig hagsmunum Íslands er best borgið er sífellt viðfangsefni stjórnmalanna. Við eigum ekki að nálgast það með fordómum. En ekki heldur halda því fram að hér sé einhverja töfralausn að finna. Nóg er að benda á löndin í kringum okkur til að sjá að þar er líka við margvíslegan vanda að etja, bæði samfélagslegan og efnahagslegan. Mjög mikilvægt er að sú samstaða sem náðist á sínum tíma um varðstöðu um auðlindir landsins haldi og ég tel að málflutningur allra forustumanna stjórnmalaflokkanna bendi til að svo



geti verið áfram. Það eru margar hliðar á þessu máli, hagsmunir einstakra atvinnugreina, einstakra landsvæða, gjaldmiðillinn, fullveldishugtakið, forræði auðlinda o.s.frv. Og svo er auðvitað það sjónarmið uppi að sú hugmyndafræði, sem Evrópusambandið byggist á, sé ekki eftirsóknarverð.

Hér er um langtíma viðfangsefni að ræða og þjóðin sjálf verður að skera úr um það hvert skal haldið í þessum efnum. En það er ábyrgð okkar stjórnámálanna að haldið sé uppi vönduðum málflutningi um hugsanlega aðild að Evrópusambandinu, þannig að kostirnir séu skýrir og réttir.

Kæru landsmenn!

Sigurbjörn Einarsson biskup lést síðsumars. Fáir nutu viðlíka virðingar og vinsælda með þjóðinni og hann. Fyrir jólin kom út bók með sálmum hans og ljóðum, Eigi stjörnum ofar. Þar er margt vel sagt og snilldarlega ort:

Ó, vertu, Guð, í verki manns,

í vilja, draumi, anda hans,

í þrá og starfi þjóða,

að sagan verði sigur þinn

og signi jörðu himinninn  
sem gróðurreit hins góða.

Ég á mér þá ósk í kvöld, góðir landsmenn, að guð gefi okkur öllum þrek og bjartsýni til að takast á við þau verkefni sem nýtt ár færir okkur. Það er ásetningur minn og þeirra sem með mér starfa í stjórnámálum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að treysta þá umgjörð sem almenningur þarf að hafa um daglegt líf sitt til að geta á eigin forsendum skapað gróðurreit hins góða.

Við erum góðu vön, Íslendingar, og höfum vanið okkur við samfellda framfarasókn. Sem betur fer þýða áföllin, sem við höfum orðið fyrir, ekki meiri efnalega afturför, þegar á heildina er litið, en sem nemur fáum árum. Það munum við vinna upp á næstu árum. Það er ekki bara von heldur líka bjargföst vissa.

Fögnum nýju ári í þeim anda.

Góðar stundir.